



Aðalfundur Einingar-Iðju

6. apríl 2022 kl. 19:30

í Menningarhúsinu HOFI á Akureyri

Dagskrá

1. Fundarsetning.
2. Látinna félaga minnst.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Reikningar félagsins.
5. Lýst kjöri stjórnar, trúnaðarráðs og skoðunarmanna.
6. Kosning löggilts endurskoðanda.
7. Afhending gullmerkis félagsins.
8. Kosnir tveir fulltrúar í kjörstjórn og tveir til vara.
9. Kosið í fastanefndir félagsins og stjórnir.
10. Kosning 40 fulltrúa í fulltrúaráð Stapa lífeyrissjóðs.
11. Ákvörðun um stjórnarlaun aðalstjórnar.
12. Önnur mál.

Ársskýrsla Einingar-Iðju 2021–2022

Ábyrgðarmaður: Björn Snæbjörnsson

Umsjón, umbrot og hönnun: Ásgrímur Örn Hallgrímsson

Skýrslan er einungis gefin úr á rafrænu formi.

Skýrsla félagsins er að miklu leyti unnin upp úr fundargerðum aðalstjórnar og heimildum frá stjórnnum sjóða félagsins.

Einnig er notast við frásagnir og umfjöllun um félagið í félagsblaðinu og á heimasíðu Einingar-Iðju.

Eining-löjja - Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Einingar-löjju 2021-2022.....	3
Samstæðureikningur 2021	16
Áritun óháðs endurskoðanda	16
Áritun skoðunarmanna	17
Skýrsla stjórnar	18
Yfirlit um rekstrarafkomu 2021	19
Yfirlit um efnahag 31. desember 2021.....	20
Félagssjóður - Rekstrarreikningur ársins 2021	21
Félagssjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2021	22
Sjúkrasjóður - Rekstrarreikningur ársins 2021.....	23
Sjúkrasjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2021	23
Orlofssjóður - Rekstrarreikningur ársins 2021.....	24
Orlofssjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2021	25
Vinnudeilusjóður - Rekstrarreikningur ársins 2021	26
Vinnudeilusjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2021	26
Fræðslusjóður - Rekstrarreikningur ársins 2021.....	27
Fræðslusjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2021	27
Byggingarsjóður - Rekstrarreikningur ársins 2021.....	28
Byggingarsjóður - Efnahagsreikningur 31. desember 2021.....	28
Skrifstofa Einingar-löjju - Rekstrarreikningur ársins 2021.....	29
Samandreginn rekstrarreikningur - Rekstrarreikningur ársins 2021	30
Samandreginn efnahagsreikningur - Efnahagsreikningur 31. desember 2021	31
Sjóðstreymi ársins 2021	32
Skýringar.....	33
Gögn fyrir aðalfund 2022.....	38
Dagskrárliður 5 - Stjórn og trúnaðarráð Einingar-löjju starfsárið 2022-2023	38
Dagskrárliður 6 – Löggiltur endurskoðandi	39
Dagskrárliður 8 - Kjörstjórn	39
Dagskrárliður 9 – Stjórnir sjóða og nefnda	39
Dagskrárliður 10 – Fulltrúar í fulltrúaráð Stapa lífeyrissjóðs	40
Dagskrárliður 11 - Stjórnarlaun.....	40



Aðalskrifstofa félagsins er á Akureyri en að auki rekur félagið skrifstofur á Dalvík og í Fjallabyggð. 15 starfsmenn eru með aðsetur á Akureyri, einn á Dalvík og einn í Fjallabyggð.

Félagið hefur einnig fulltrúa til þjónustu við félagsmenn í Hrísey og á Grenivík.

Starfsmenn félagsins eru:

Aðalbjörg G. Hauksdóttir, þjónustufulltrúi sjóða.
Anna Júlíusdóttir, varaformaður.
Arnór Sigmarsson, lögfræðingur og þjónustufulltrúi.
Ásgrímur Örn Hallgrímsson, upplýsingafulltrúi.
Björn Snæbjörnsson, formaður.
Elsa Sigmundsdóttir, skrifstofustjóri.
Helga Nielsdóttir, þjónustufulltrúi á Dalvík.
Helga Þyri Bragadóttir, verkefnastjóri og ráðgjafi hjá VIRK.
Íris Björk Árnadóttir, ræstítæknir.
Halldóra Þormóðsdóttir, afleysing í Fjallabyggð út apríl 2022.
Kristín Guðmundsdóttir, ráðgjafi hjá VIRK.
Magdalena Þórarinsdóttir, afgreiðslufulltrúi.
Margrét Jónsdóttir, þjónustufulltrúi í Fjallabyggð.
Nicole Kristjánsson, ráðgjafi hjá VIRK.
Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, skráningar- og innheimtustjóri.
Rut Pétursdóttir, þjónustufulltrúi.
Svana Rún Símonardóttir, ráðgjafi hjá VIRK.
Vilhelm Adolfsson, verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits.



VIRK ráðgjafarnir Helga Þyri, Kristín, Nicole og Svana eru starfsmenn Einingar-löju, en starfa fyrir öll stéttarfélög á svæðinu. Þær eru með aðsetur á skrifstofu félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Helga Þyri er jafnframt verkefnastjóri hjá VIRK.

Svana er með fasta viðveru á skrifstofunni í Fjallabyggð á miðvikudögum og Nicole er með fasta viðveru á skrifstofunni á Dalvík á þriðjudögum. Sjá nánar [hér](#)

Vilhelm Adolfsson er verkefnastjóri vinnustaðaeftirlits fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Norðurland vestra. Hann er starfsmaður félagsins og með aðsetur á skrifstofunni á Akureyri, en starfar nú fyrir 11 stéttarfélög sem eru starfandi á þessu svæði. Markmið vinnustaðaskírteina og eftirlits á vinnu-stöðum er að tryggja að atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum. Samráðsnefnd ASÍ og SA hefur veitt sérstökum eftirlitsfulltrúum heimild til að annast eftirlit og hafa þeir rétt skv. lögum nr. 42/2010 til aðgangs að vinnustöðum og heimild til að krefja atvinnurekanda og launamenn hans um að sýna vinnustaðaskírteini. Sjá nánar [hér](#)

Svæðisfulltrúar

Trúnaðarráð Einingar-löju tekur ákvörðun um myndun eða fækkun/fjölgun Svæðisfulltrúa og staðsetningu þeirra. Á félagssvæðinu starfa nú þrjú svæðisfulltrúar og þrjú varamenn þeirra og eiga skv. [reglugerð](#) að vera staðsettir utan Akureyrar.

Svæðisfulltrúa og varamann hans skal kjósa til tveggja ára í senn á almennum félagsfundi á viðkomandi svæði eða þéttbýlisstað.

Svæðisfulltrúar sitja í aðalstjórn félagsins fyrir hönd síns svæðis. Varamenn þeirra eru sjálfkjörnir í trúnaðarráð.

Svæðis- og varasvæðisfulltrúar félagsins eru:

Hrísey og Dalvíkurbyggð

Svæðisfulltrúi: Guðrún Þorbjarnardóttir
Varasvæðisfulltrúi: Sigríður Jósepsdóttir

Grýtubakkahreppur

Svæðisfulltrúi: Róbert Þorsteinsson
Varasvæðisfulltrúi: Guðlaug S. Tryggvadóttir

Fjallabyggð

Svæðisfulltrúi: Elín Kjartansdóttir
Varasvæðisfulltrúi: Þorvaldur Hreinsson

Í lok janúar fóru fram þrjú aðalfundir í svæðisráðum félagsins. Fundirnir voru túlkaðir yfir á pólsku. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru fundirnir rafrænir eins og í fyrra, en þá fór fram kosning svæðisfulltrúa og varamanns hans og gildir sú kosning í tvö ár.

Á fundum ársins var rætt um undirbúning næstu kjarasamninga. Einnig kynnti Björn Snæbjörnsson, formaður félagsins, niðurstöður nýlegrar kjarakönnunar Einingar-löju sem Gallup framkvæmdi fyrir félagið ellefta árið í röð.

Stjórn félagsins 2021-2022

Eins og áður hefur komið fram sitja þrjú svæðisfulltrúar í stjórninni, þau Elín, Guðrún og Róbert. Auk þeirra sitja í stjórninni Björn Snæbjörnsson formaður, Anna Júlíusdóttir varaformaður, Gunnar Magnússon ritari stjórnar og meðstjórnandinn Sunna Líf Jóhannsdóttir. Þrjú formenn deilda og þrjú varaformenn sitja einnig í stjórninni; Ingvar Kristjánsson og Svavar Magnússon frá lðnaðar- og tækjadeild, Guðbjörg Helga Andrésdóttir og Ingibjörg María Ingvadóttir frá Opinberu deild og Tryggvi Jóhannsson og Bethsaida Rún Arnarson frá Matvæla- og þjónustudeild. Fyrrum varaformaður deildarinnar, Sólveig Auður Þorsteinsdóttir, gaf ekki kost á sér áfram í embættið á aðalfundi hennar sem fram fór í febrúar og því tók Bethsaida Rún sæti í stjórn félagsins á fyrsta fundi eftir aðalfund deildarinnar.

Sjálfkjörið í stjórn félagsins 2022-2023

Fimmtudaginn 17. febrúar sl. rann út frestur til að skila inn lista eða tillögum um fólk í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2022-2023. Ekki bárust tillögur eða listar aðrir en frá trúnaðarráði og teljast þeir félagsmenn sem ráðið gerði tillögu um sjálfkjörin.

Anna Júlíusdóttir mun áfram verða varaformaður félagsins næstu tvö árin og Sunna Líf Jóhannsdóttir verður áfram meðstjórnandi til næstu tveggja ára. Skoðunarmenn reikninga til eins árs verða Hrafnhildur Ása Einarsdóttir og Ævar Þór Bjarnason. Varaskoðunarmaður verður Ómar Ólafsson.

Mikil ánægja hefur ríkt með félagið, þjónustuna og störf stjórnar félagsins í viðhorfskönnunum sem Gallup hefur framkvæmt undanfarin ár, þar sem 1.500 félagsmenn eru spurðir ýmissa spurninga, m.a. um viðhorf til stjórnar og þjónustu félagsins. Um 96,5% svarenda sögðust vera sáttir eða hvorki né er spurt var hvort viðkomandi væri sáttur eða ósáttur við Einingu-löju, þar af merktu rétt tæplega 82% við að þau væru sátt við félagið. Tæplega 98% merktu við ánægður eða hvorki né er spurt var hversu ánægður eða óánægður ertu með þjónustu Einingar-löju þegar á heildina væri litið. Þetta eru mjög svo svipaðar niðurstöður og á síðustu árum.

Greiðslur til félagsmanna



	2021	2020	2019
Sjúkrasjóður	210.373.980	169.417.182	160.478.132
Orlofssjóður	87.213.563	86.523.915	78.581.081
Fræðslusjóður	60.524.038	60.447.045	45.119.788
Alls	358.111.581	316.388.142	284.179.001

Fundir í aðalstjórn

10 fundir voru haldnir í stjórn félagsins á starfsárinu þar sem fjölmörg mál voru tekin. Hér á eftir má sjá helstu mál sem tekin voru fyrir á fundunum, en vert er að benda á að stjórnarmenn fá afhent á hverjum fundi uppfært yfirlit yfir rekstur félagsins. Þannig veit stjórnin ávallt hvernig staðan er miðað við áætlun sem gerð er í upphafi hvers árs.



Á fyrsta fundi stjórnar, sem haldinn var **17. maí** í sal félagsins í Fjallabyggð, kom sveitarstjóri Fjallabyggðar og fór yfir stöðuna í sveitarfélaginu. Varritarakosning fór fram, fjallað var um hvernig rafrænn aðalfundur félagsins hefði tekist til. Rætt var um að skoða ávöxtunarleiðir fyrir laust fé hjá félaginu. Sagt var frá aðalfundi Orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum. Lagt var fram yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur félagsmanna eftir deildum á árinu 2020 og samanburður við árið 2019. Einnig var lagt fram yfirlit yfir iðgjaldagreiðslur til félagsins eftir sveitarfélögum og fjöldi fyrirtækja og félagsmanna á stöðunum á árinu 2020 og samanburður við árið 2019. Lagt var fram yfirlit yfir afskriftir á iðgjöldum til félagsins árin 2004 til 2019. Lagt var fram yfirlit yfir atvinnuleitendur á félagssvæðinu sl. 12 mánuði og einnig sl. 24 mánuði+. Farið var yfir þrjú þing sem verða næsta haust. Samþykkt var fjárveiting til ferðanefndar félagsins fyrir árið 2022. Rætt var um framkvæmdir í Tjarnargerði. Farið var yfir starfsmannamál og framkvæmdir í eign félagsins á 2. hæð í Alþýðuhúsinu, norðurparti. Rætt var um ársfund Stapa og stöðuna á mínum síðum félagsins.

Á fundi **29. júní** var m.a. rætt aftur um ávöxtunarleiðir fyrir laust fé hjá félaginu. Sagt var frá aðalfundum Orlofsbyggðanna á Einarsstöðum, í Flókalundi og í Svignaskarði. Samþykkt var að ráðast í framkvæmdir í Tjarnargerði og að stækka eitt húsa félagsins á Illugastöðum, en að fá nánari útfærslu á stækkuninni. Lagðar voru fram fundargerðir stjórnar Matvæla- og þjónustueildar og stjórnar Opinberu deildarinnar og fóru formaður Matvæla-

og þjónustueildar og varaformaður Opinberu deildarinnar yfir helstu mál sem þar voru rædd. Lagt var fram bréf þar sem skrifstofa ASÍ staðfesti móttöku á ársreikningum félagsins fyrir árið 2020. Tekið var fyrir og samþykkt erindi frá Hollvinum SAK. Farið var yfir könnun Vörðu um stöðu launafólks á vinnumarkaði. Rætt var um næsta starfsdag félagsins. Sagt var frá aðalfundi Húsfélags Alþýðuhússins. Lögð var fram fundargerð frá aðalfundi Sparisjóðs Höfðhverfinga. Rætt var aftur um þing SGS sem fram átti að fara á Akureyri í október. Rætt var um Heilsuvernd- hjúkrunarheimili.

Á fundi **23. ágúst** voru m.a. lagðar fram tillögur um fulltrúa og varafulltrúa félagsins á þing AN og þing SGS. Stjórnin samþykkti tillögurnar fyrir sitt leiti og vísaði þeim til afgreiðslu í trúnaðarráði. Rætt var um fræðslu fyrir stjórn og starfsmenn. Samþykkt var að senda tvo fulltrúa á þing ASÍ-UNG sem fram átti að fara 24. september. Umræða fór fram um næstu orlofskosti hjá félaginu og var ákveðið að kaupa nýtt hús í Svignaskarði og athuga með að festa eina lóð til viðbótar. Á síðasta fundi var samþykkt að stækka eitt húsa félagsins á Illugastöðum og var málið aftur tekið fyrir. Rædd var staðan og framhald vinnustaðaeftirlits á svæðinu og samtarf við önnur félög. Lagðar voru fram tvær skýrslur frá stjórn Alþýðusambands Norðurlands sem taka átti fyrir á næsta þingi AN. Lögð var fram og samþykkt tillaga að undirbúningi félagsins fyrir næstu kjarasamninga. Lagt var fram bréf frá ASÍ þar sem tilkynnt var að búið væri að aflýsa þingi ASÍ sem átti að vera 8. og 9. september nk. Í bréfinu kom jafnframt fram að boðað verði til framhaldsþings ASÍ 9. september kl. 10:00 þar sem verða lagðar fyrir tvær tillögur, í fyrsta lagi tillaga miðstjórnar um framlengingu frávika frá þingsköp- um sem verða rafræna framkvæmd þess og sem giltu til loka fyrri hluta þingsins í október og í öðru lagi tillaga um að fyrirliggjandi mál verði tekin af dagskrá og þingi slitið. Sagt var frá því að erindi hefði verð sent á Akureyrarbæ þar sem nokkrir félagsmenn hefðu haft samband við félagið og spurt hvort íþróttafélög eða aðstandendur þeirra væru komin í vinnu hjá Akureyrarbæ. Þetta var tilkomið vegna mynda sem birtust á vefnum af foreldrum stúlkna, sem spila fótbolta með Þór/KA, að þrifa Lundarskóla til styrktar stelpunum. Svar barst frá Akureyrarbæ þar sem bent var á

verktakann. Þá var samskonar bréf sent á verktakann en svar hafði ekki borist fyrir fundinn. Ásgrímur sagði frá því að heimasíða félagsins væri nú á 12 tungumálum. Umræða fór fram um framsetningu kjarasamninga á vef félagsins.

Á rafrænum fundi **13. september** var rætt um fyrirhugaðar breytingar á Illugastöðum og var lögð fram ný teikning. Stjórnin ákvað að halda áfram að þróa þessa nýju teikningu og taka málið aftur fyrir á næsta fundi sem mun fara fram á Illugastöðum. Sagt var frá því að búið væri að ganga frá kaupum á nýju húsi í Svignaskarði sem var afhent í nóvember. Á síðasta fundi var samþykkt að kanna með lóð í Svignaskarði en á milli funda kom í ljós að möguleiki væri á að fá lóð í Húsafelli. Stjórnin óskaði eftir meiri gögnum og verður málið tekið fyrir á næsta fundi.

Á rafrænum fundi **28. september**, sem fyrirhugað var að halda á Illugastöðum, var m.a. samþykkt að ráðast í breytingar á húsi nr. 18 á Illugastöðum.



Einnig var samþykkt að kaupa lóð í Húsafelli og byggja á henni hús sem verður tilbúið til útleigu sumarið 2023. Farið var yfir stöðuna á innheimtumálum hjá félaginu. Sagt var frá því að hafinn væri undirbúningur að árlegri kjarakönnun félagsins. Sagt var frá niðurstöðum fundar samninganefnda ASÍ og SA sem fram deginum áður, en þar kom fram vilji af beggja hálfu til þess að samningar standi og halda þeir því gildi sínu þar til þeir renna út þann 1. nóvember 2022.

Á fundi **25. október** var m.a. sagt frá fyrirhugðum útvíkkuðum formannafundi SGS. Lagðar voru fram niðurstöður kannana sem gerðar voru á meðal félagsmanna sem leigðu orlofshús eðs íbúðir hjá félaginu um sumarið. Samþykkt var erindi frá

fjórum samtökum sem eru í samstarfi að veita jólaaðstoð. Stjórnin samþykkti að veita styrk að upphæð kr. 1.000.000. Farið var yfir fundargerðir allra deildarstjórna félagsins frá síðasta stjórnarfund. Rætt var um stöðuna á vinnustaðaeftirlitinu. Kynnt voru drög að samstarfssamningi við FVSA og umsókn um réttindaflutning milli félaganna.

Á rafrænum fundi **29. nóvember** var m.a. lögð fram og samþykkt tillaga að uppstillinganefnd félagsins fyrir starfsárið 2022-2023. Farið var yfir stöðuna á framkvæmdun hjá félaginu. Rætt var um fyrirhugaðan fulltrúaráðsfund Stapa og einnig um rökræðufund ASÍ um lífeyrismál. Rætt var um vinnufund í samninganefnd félagsins. Lagt var fram og samþykkt plan um fundi í svæðisráðum, aðalfundi deilda og aðalfund félagsins. Fjallað var um leiguverð orlofshúsa og niðurgreiðslur og ákvörðun tekin um leiguverð sumarsins. Kynnt var fimm ára úttekt á sjúkrasjóði félagsins. Farið var yfir stöðu samningamála við Heilsuvernd. Sagt var frá kvennaráðstefnu ASÍ sem fyrirhugað var að halda í febrúar 2022.

Á fundi **20. desember** kynnti Tómas Bjarnason, ráðgjafi hjá Gallup, niðurstöður kjarakönnunar sem gerð var fyrir félagið. Lögð voru fram drög að dagskrá fyrir fyrirhugaðan fund í samninganefnd í janúar. Farið var yfir orlofskosti félagsins næsta sumar. Fjallað var um erindi sem kom frá Alþýðusambandi Norðurlands.

Á rafrænum fundi **31. janúar** var m.a. lagt fram óendurskoðað yfirlit um stöðu reikninga félagsins fyrir árið 2021. Einnig var lögð fram og samþykkt rekstraráætlun fyrir árið 2022. Lagðar voru fram fundargerðir stjórna Matvæla- og þjónustudeildar, Opinberu deildar og lðnaðar- og tækjadeildar og fóru formenn deildanna yfir helstu mál sem þar voru rædd. Farið var yfir hvernig rafrænir aðalfundir svæðisráða tókust. Rætt var um málefni Fjölsmiðjunnar. Skipað var í uppstillinganefnd ráða og nefnda fyrir aðalfund, þar á meðal á aðalfund Stapa. Einnig var skipað í nefnd til að fara yfir reglugerð sjúkrasjóðsins. Farið var yfir stöðuna á framkvæmdum á vegum félagsins. Sagt var frá því að samninganefnd félagsins hefði skipað formann félagsins og varaformann ásamt formönnum deilda í undirbúningshóp vegna gerðar og fram-

kvæmdar könnunar fyrir komandi kjarasamninga. Búið að semja við RHA sem mun skila af sér niðurstöðum til félagsins í byrjun mars. Lögð var fram og samþykkt tillaga að fulltrúum félagsins á 8. þing SGS sem mun fara fram á Akureyri.

Á lokafund stjórnar þetta starfsárið, þann **21. mars** sl., mætti Hermann Brynjarsson, endurskoðandi félagsins, og kynnti reikninga fyrir síðasta ár. Stjórnin samþykkti reikningana og skrifaði undir þá. Kynnt var niðurstaða nefndar um endurskoðun á reglugerð sjúkrasjóðs fyrir aðalfund félagsins og farið var yfir dagskrá og gögn sem stjórnin mun leggja fram á aðalfundi félagsins þann 6. apríl. Rætt var um Félagsmannasjóð SGS og samþykkt að félagið muni sjá um utanumhald hans fyrir okkar

félagsmenn í stað SGS eins og nú er. Farið var yfir ýmis mál varðandi 8. þing SGS og eins var rætt um fyrirhugaðan ársfund Stapa. Farið var yfir stöðuna í undirbúningi félagsins fyrir næstu kjarasamninga. Samþykkt var að veita Rauða krossi Íslands styrk að upphæð kr. 700.000 vegna aðstoðar við flóttafólk frá Úkraínu. Nýr varaformaður Matvæla- og þjónustudeildar, Bethsaida Rún Arnarson, skrifaði undir trúnaðarskjal stjórnarmanna þar sem hún var að mæta á sinn fyrsta fund. Sólveig Auður, fyrrum varaformaður deildarinnar, var boðuð á fundinn til að þakka henni fyrir góð störf í þágu félagsins. Af því tilefni var henni færður blómvöndur.



Tímamóta samstarfssamningur milli Einingar-löju og FVSA



Um miðjan nóvember var skrifað undir samstarfssamning um nýtingu réttinda félagsmanna milli Einingar-löju og Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Það voru formenn félaganna, Björn Snæbjörnsson og Eiður Stefáns-son sem undirrituðu samninginn, en hann mun gilda til að byrja með í eitt ár og verður endurskoðaður mánuði áður en hann rennur út.

Markmið samstarfsins er að auðvelda félagsmönnum aðgang að þeim réttindum sem þeir þegar hafa öðlast hjá öðru félaginu þegar þeir þurfa að færa sig milli félaga vegna breytinga á starfsvettvangi. Samstarfið felur í sér samnýtingu iðgjalda félagsmanna félaganna vegna fræðslu-sjóðs, orlofssjóðs og sjúkrasjóðs félaganna.

Tilgangur samstarfsins er að telja saman réttindi félagsmanns hjá hvoru félaginu, þannig að félag- maður þurfi ekki að bíða ávinnslutíma réttinda sinna heldur getur nýtt það sem þegar hefur

áunnist hjá fyrra félagi og hinu nýja. Núverandi regla um sex mánaða rétt eftir síðustu greiðslu gildir áfram en annars gildir sú regla að greitt hafi verið a.m.k. samtals sex mánuði til beggja félaga.

Fyrst félaga til að gera slíkan samning

Björn sagði við undirskriftina að félögin hafi í raun unnið á þessum nótum undanfarin ár en við ákváðum núna að setja þessar reglur á blað. „Ég veit ekki betur en að Eining-löju og FVSA séu þar með fyrst félaga innan ASÍ til að gera slíkan samning. Þetta er mikill gleðidagur því með þessu erum við að stíga stórt skref í að tryggja að réttindi fólks detti ekki niður þegar viðkomandi flytur sig á milli félaganna. Ég vona að svona samningur verði gerður við fleiri félög sem fyrst. Samningurinn mun líka verða til þess að við gerum meiri kröfu á að félagsmenn verði í þeim félögum sem hefur samningsumboð fyrir viðkomandi.“

Starfsgreinadeildir félagsins

Félagið skiptist í þrjár starfsgreinadeildir og er hugmyndin með starfsgreinaskiptingu að nýta kosti bæði stórra og smærri félaga. Deildirnar þrjár eru Matvæla- og þjónustudeild, Iðnaðar- og tækjadeild og Opinbera deildin. Formenn og varaformenn deilda sitja í aðalstjórn félagsins.

Rafrænir aðalfundir

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu voru aðalfundir deilda félagsins aftur rafrænir þetta árið. Þrátt fyrir það var ágæt mæting á fundina og tókust þeir mjög vel. Undanfarin ár hafa þeir farið fram sama kvöldið með sameiginlegri dagskrá í byrjun en núna fóru þeir fram dagana 1. til 3. febrúar sl. Skýrslur stjórnna má finna á heimasíðu félagsins, www.ein.is.

Í byrjun fundanna fluttu formenn skýrslur stjórnna og að því loknu var gengið til kosninga. Kjósa þurfti um fjóra af níu stjórnarmönnum til tveggja ára, varaformann þrjá meðstjórnendur í deildunum þremur. Einnig þurfti að kjósa um einn meðstjórnanda til eins árs í Opinberudeildinni og í Matvæla- og þjónustudeildinni. Í Iðnaðar- og tækjadeild þurfti einnig að kjósa þrjá meðstjórnendur til eins árs.

Engin mótframboð bárust og því voru allir sjálfkjörnir.

Ingibjörg María endurkjörin varaformaður Opinberu deildar



Úr stjórn áttu að ganga Ingibjörg María Ingvadóttir varaformaður og meðstjórnendurnir Ágústa Ósk Guðnadóttir, Halldór Ari Brynjólfsson og Signý Aðalsteinsdóttir.

Ágústa og Halldór voru búin að ákveða að gefa ekki kost á sér áfram í stjórn deildarinnar. Ingibjörg María gaf áfram kost á sér í embætti varaformanns og Signý gaf kost á sér áfram sem meðstjórnandi. Sýlvía Ösp Hauksdóttir og Helgi Garðar Skjaldarson gáfu kost á sér sem meðstjórnendur. Bergur Þór skipti um vinnu og fór í annað félag á tímabilinu og því þurfti að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs og bauð Valdimar Friðjón Jónsson sig fram í embættið. Engin mótframboð bárust og voru þau því öll sjálfkjörin.

Fyrir í stjórn til aðalfundar 2023 eru Guðbjörg Helga Andrésdóttir formaður, Guðrún Valdís Eyvindsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Andreea Georgiana Lucaci og Ólöf María Olgeirsdóttir.

Svavar endurkjörinn varaformaður Iðnaðar- og tækjadeildar



Úr stjórn áttu að ganga Svavar varaformaður og meðstjórnendurnir Þormóður, Rannveig og Símon Hrafn. Rannveig og Símon Hrafn voru búin að tilkynna að þau myndu ekki bjóða sig fram á ný. Svavar bauð sig áfram fram sem varaformaður og Þormóður Sigurðsson bauð sig aftur fram sem meðstjórnanda, einnig buðu Gísli Einarsson og Þór Jóhannesson sig fram sem meðstjórnendur. Til eins árs buðu Agnar Ingi Svansson, Arnar Kristjánsson og Stefán Gíslason sig fram sem meðstjórnendur. Engin mótframboð bárust og því voru þeir sjálfkjörnir.

Fyrir í stjórn til aðalfundar 2024 eru Ingvar Kristjánsson formaður og Gunnar Magnússon ritari.

Bethsaida Rúner nýr varaformaður Matvæla- og þjónustudeildar



Úr stjórn áttu að ganga Sólveig Auður Þorsteinsdóttir varaformaður, og meðstjórnendurnir Börkur Þór Björgvinsson, Guðmundur Guðmundsson og Sveinbjörn Kroyer Guðmundsson.

Sólveig Auður og Guðmundur voru búin að ákveða að gefa ekki kost á sér áfram í stjórn deildarinnar. Bethsaida Rún Arnarson gaf kost á sér í embætti varaformanns og Börkur Þór og Sveinbjörn Kroyer gáfu kost á sér áfram sem meðstjórnendur. Elsa Hrönn Grey Auðunsdóttir gaf einnig kost á sér sem meðstjórnandi. Íris Eva baðst lausnar frá stjórnar-setu og því þurfti að kjósa einn meðstjórnanda til eins árs og bauð Gabríel Sólon Sonjuson sig fram í embættið. Engin mótframboð bárust og því voru þau sjálfkjörin.

Fyrir í stjórn til aðalfundar 2023 eru Tryggvi Jóhannsson formaður, Sigríður Jósepsdóttir ritari og meðstjórnendurnir Anna Guðrún Ásgeirsdóttir og Steinþór Berg Lúthersson

Orlofsmál

Árið 2021 var einungis boðið upp á tvær innanlandsferðir fyrir félagsmenn, vegna Covid var annarri þeirra aflýst. Búið var að skipuleggja þrjár ferðir í ár, en í byrjun árs var ákveðið að aflýsa strax utanlandsferðinni.

„Orlof að eigin vali“

300 styrkjum var úthlutað til félagsmanna á árinu 2021, hver að upphæð kr. 25.000. Vegna Covid gátu einungis 168 félagsmenn nýtt sér styrkinn.



Félagið á 22 orlofshús og sex orlofsíbúðir. Auk húsa og íbúða sem eru í eigu félagsins var Eining-Íðja með orlofsbústaði víðsvegar um landið í skiptum fyrir orlofshús á Illugastöðum. Einnig tók félagið á leigu nokkur hús. Nýting húsa í fyrra var mun betri en undanfarin ár eins og sjá má í reikningum félagsins.

Félagsmönnum var aftur boðið upp á íbúð á Spáni síðasta sumar, en einungis var hægt að nýta hana í eina leigu, þ.e. í tvær vikur, vegna Covid. Íbúðin verður ekki í boði næsta sumar.

Fyrirtækið Sólar ehf. hefur umsjón á íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leigjandi þarf ekki að þrifa íbúðina eftir leigutíma, en auðvitað þarf að skila henni full frágenginni og snyrtilegri.

Félagsmenn þurfa sjálfir að þrifa orlofshús félagsins áður en þeim er skilað. Orlofshúsin eru sameign okkar allra og er nauðsynlegt að við sameinumst um að ganga um þau með því hugarfari. Mikilvægt er að hafa það að leiðarljósi að skilja við þau eins og þið viljið koma að þeim. Verði vanhöld á þrifum, að mati umsjónarmanns á viðkomandi svæði, má búast við að leigutaki þurfi að borga þrifagjald.

Orlofsvefurinn

Á [Orlofsvefnum](#) geta félagsmenn skráð sig inn og sótt um fyrir sumarvertíðina eða pantað orlofs eignir yfir veturinn og gengið frá greiðslu. Einnig er hægt að kaupa ferðaávisun sem tryggir bestu

kjörin á gistingu á hótelum og gistiheimilum um allt land. Nú er líka hægt að nota ávisunina upp í gönguferðir, en búið er að semja við Ferðafélag Íslands, Útivist og Fjallafjör um að taka við Ferðaávisun stéttarfélagana. Félagsmenn njóta sérkjara á völdum ferðum en einnig má nota hanupp í hvaða ferð sem er á vegum þessara fyrirtækja.

Einnig er hægt að kaupa á vefnum Útilegukortið og Veidikortið, þá sendist pöntun til viðkomandi söluaðila sem senda kortin til félagsmanna. Ekki er lengur í boði að kaupa þessi kort á skrifstofum félagsins.

Framkvæmdir hjá félaginu

Á starfsárinu þurfti eins og áður að fara í ýmsar framkvæmdir.

- Stjórn félagsins samþykkti í september að láta stækka eitt húsa félagsins á Illugastöðum. Eftir stækkun verður húsið um 80 fermetrar að stærð, en viðbyggingin sjálf er um 30 fermetrar. Áætlanir gera ráð fyrir að það verði tilbúið næsta vor.
- Í október í var keypt lóð í Húsafelli og samið við verktaka um að smíða þar hús sem verður sambærilegt og nýtt hús félagsins í Svignaskarði. Framkvæmdir munu hefjast síðar á þessu ári og er stefnt á að þeim verði lokið vorið 2023, þannig að það verði tilbúið til útleigu sumarið 2023. Þetta verður fyrsta hús félagsins í Húsafelli, en undanfarin tvö ár hefur félagið tekið á leigu hús á svæðinu og hefur mikil eftirspurn verið eftir þessum stað.
- Í desember var nýtt hús félagsins í Svignaskarði tekið í notkun. Vægt til orða tekið er nýja húsið stórglæsilegt og er óhætt að óska félagsmönnum til hamingju með það. Húsið er 40 cm breiðara en það eldra sem félagið átti fyrir á staðnum, að öðru leiti er það svo að segja alveg eins. Húsið er því um 80 fermetrar að stærð með öllum helstu þægingdum, stórum palli og að sjálfsgöðu er heitur pottur við húsið. Svefnherbergi eru þrjú, tvö hjónaherbergi og í báðum er tvíbreitt rúm og eitt herbergi með koju á þremur hæðum, neðsta kójan er 120 cm en tvær efri eru eitthvað mjórri. Svefnpláss er fyrir átta manns. Eldhús og stofa eru í sama rýminu.
- Lyklabox voru sett á allar eignir félagsins nema Tjarnargerði á starfsárinu.

Ennfremur var farið í almennt viðhald, í öðrum orlofshúsum, íbúðum og skrifstofum, þar sem alltaf er þörf endurbóta.

Sjúkrasjóður

Fjárveitingar úr sjúkrasjóði	2021		2020		Upphæð
	Fjöldi féлага	styrkja	Fjöldi féлага	styrkja	
Dagpeningar	217	582	187	481	167.087.905
Útfararstyrkir.....	25	25	16	16	5.200.000
<i>Bætur samtals</i>	<i>242</i>	<i>607</i>	<i>203</i>	<i>497</i>	<i>172.287.905</i>
Styrkir til félagsmanna					
Sjúkraþjálfun og sjúkranudd	527	4.247	274	3.804	13.336.632
Krabbameinsskoðun	157	170	172	206	995.223
Líkamsrækt	632	719	499	683	10.170.987
Aðrir styrkir	508	1.035	385	962	13.583.233
<i>Styrkir til sjóðsfélaga samtals</i>	<i>1.842</i>	<i>6.189</i>	<i>1.330</i>	<i>5.655</i>	<i>38.086.075</i>
Bætur og styrkir til félagsmanna úr sjúkrasjóði	2.084	6.796	1.533	6.152	210.373.980
					132.372.351
					3.760.000
					136.132.351
					10.531.104
					1.105.258
					9.936.300
					11.634.831
					33.207.493
					169.339.844

Verkefni sjóðsins er að veita fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Einnig að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar. Þegar tvö ár eru liðin frá því lífeyrisþegi greiðir félagsgjald til félagsins þá falla niður réttindi til endurgreiðslu úr sjúkrasjóði.

Skil á gögnum

Fundur er haldinn í stjórn sjúkrasjóðs einu sinni í mánuði. Gögn sem leggja á fyrir fund þurfa að hafa borist til skrifstofunnar í síðasta lagi 24. hvers mánaðar til að fá borgað út um næstu mánaðamót. Sérstakur umsóknarfrestur er í febrúar og desember og er það auglýst sérstaklega.

Sjúkraíbúðir í Reykjavík

Eining-löja á þrjár sjúkraíbúðir í Reykjavík, tvær er í Sóltúni og ein í Ásholti. Þær eru ætlaðar til leigu fyrir félagsmenn sem þurfa að dvelja í höfuðborginni á meðan þeir leita sér lækninga. Íbúðirnar eru leigðar eftir því sem félagsmönnum hentar, það er fólk er ekki bundið við að leigja í eina viku í senn heldur er hægt að leigja í tiltekinn dagafjölda.

Félagsmenn þurfa að hafa samband við skrifstofur félagsins til að bóka íbúð því þær eru ekki á orlofshúsavefnum. Þegar bókunin hefur farið fram þarf leigutaki að greiða leiguna með því að fara á orlofshúsavef félagsins á sínum rafrænu skilríkjum. Þar inni eru allar upplýsingar um pöntunina og fær félagsmaðurinn leigusamninginn í tölvupósti um leið og greiðslan fer í gegn.

Netfang sjúkrasjóðar er: sjukrasjodur@ein.is

Mínar síður að komast í gagnið

Mínar síður eru að komast í gagnið á næstunni. Þar verður m.a. hægt að sjá greiðslur félagsgjalda og allar greiðslur frá félaginu. Þá geta félagsmenn skoðað og sótt rafrænt um þá styrki sem í boði eru í sjúkrasjóði og fræðslusjóðunum á mun einfaldari hátt en nú er í boði. Félagsmenn geta séð hve mikinn rétt þeir eiga til helstu styrkja, hversu mikið þeir eru búnir að fá frá félaginu og einnig hve mikinn rétt þeir eiga eftir.

Þeir styrkir úr sjúkrasjóði sem hægt verður að sækja um í gegnum Mínar síður eru líkamsræktarstyrkur, gleraugnastyrkur, heyrnartæki, krabbameinsleit, laser augnaðgerðir, sjúkraþjálfun og sjúkranudd, frjósemismeðferð og viðtalsmeðferð við sálfræðinga og geðlækna.

Ekki verður hægt að sækja um sjúkradagpeninga, útfarastyrk eða styrk vegna áfengis og vímuefnameðferðir í gegnum Mínar síður. Á heimasíðu félagsins, www.ein.is, má finna upplýsingar og umsóknir um sjúkradagpeninga og útfararstyrk. Varðandi styrk vegna áfengis- og vímuefnameðferðar þarf að hafa samband við skrifstofu félagsins á Akureyri.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða vel upplýsingar um sig á Mínun síðum þegar þær fara í loftið og laga ef þarf bankaupplýsingar, símanúmer og netföng.

Tengiliður við Sjúkrasjóð



Elsa Sigmundsdóttir,
skrifstofustjóri félagsins
elsa@ein.is
460 3604

Fræðslumál

Aðalbjörg G. Hauksdóttir veitir allar upplýsingar og er tengiliður við starfsmenntasjóðina þrjá sem félagið er aðili að, Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Hún hefur einnig umsjón með félagslegri fræðslu, en Anna Júlíusdóttir sér um starfs- og tómstundanámskeið félagsins. Ef félagsmenn fá hugmynd af einhverskonar námskeiði heyrði þá í Önnu.

Vert er að minna á samstarfssamning sem félagið er með við SÍMEY með það að markmiði að skapa enn fleiri möguleika fyrir félagsmenn til að sækja sér fræðslu og auka við starfstengda hæfni sína. SÍMEY sér einnig um dyrvarðanámskeið sem félagið hafði séð um í áratugi.

SÍMEY býður upp á fjöldamörg námskeið sem eru bæði starfstengd og tengd áhugamálum hvers og eins. Fjöldmörg námskeið og námsleiðir eru í boði og geta áhugasamir kíkt á www.simey.is til að sjá framboð námskeiða.

Á starfsárinu er búið að halda nokkur trúnaðarmannanámskeið í samvinnu við önnur stéttarfélög í Alþýðuhúsinu, nokkur á rafrænan hátt vegna Covid. Mjög góð þátttaka var á þessum námskeiðum og eins og alltaf er gott að fá nemendur frá fleiru en einu félagi á námskeiðin því þá koma fram sjónarmið frá ólíkum starfsgreinum.

Áfram 90% endurgreiðsluhlutfall fræðslustyrkja til 1. maí 2022

Vegna áhrifa vegna Covid 19 ákváðu stjórnir Landsmenntar, Ríkismenntar og Sveitamenntar á árinu 2020 að setja af stað átak í fræðslu. Hluti átaksins fólst í því að endurgreiðsluhlutfall styrkja hækkaði tímabundið úr 75% í 90% hjá bæði fyrirtækjum og til einstaklinga.

Frá því átakið hófst hafa stjórnir sjóðanna nokkrum sinnum ákveðið að framlengja það og var síðasta lokadagsetning 31. desember sl. Ákveðið var að framlengja það einu sinni enn og því verður haldið áfram með allt að 90% endurgreiðsluhlutfall til 1. maí 2022 og verður það þá endurskoðað aftur.

Að hámarki geta félagsmenn fengið styrk að upphæð kr. 130.000 á ári, en félagsmenn sem ekki

hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár, eiga rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt nám/námskeið skv. reglum sjóðanna.

Starfsmenntasjóðir

976 félagsmenn, 592 konur og 384 karlar, fengu einstaklingsstyrki úr sjóðunum. Þetta er sami fjöldi og árið áður. Upphæðin sem greidd var hækkaði örlítið milli ára og var kr. 60.524.038.

Hvaða námskeið eða nám er um að ræða?

Íslenska fyrir útlendinga.....	89
Tungumálanám.....	9
Framhaldsskóli.....	185
Háskólanám.....	309
Tómstundanám.....	29
Starfstengt nám/námskeið.....	216
Almenn ökuréttindi.....	91
Sjálfstyrkingarnámskeið.....	19
Náms- og kynnisferðir.....	2
Annað.....	27

Hverjir sóttu námskeiðin?

Almenni markaðurinn.....	623
Sveitarfélög.....	327
Ríkið.....	26

Aldursdreifing styrkþega


17-20 ára	102
21-30 ára	484
31-40 ára	212
41-50 ára	92
51-60 ára	58
61-70 ára	28

Tengiliður vegna fræðslumála



Aðalbjörg G. Hauksdóttir, þjónustufulltrúi sjóða
adalbjorg@ein.is
460 3619

Útgáfa og kynningarmál



Undanfarin ár hefur félagið gefið út þrjú blöð ár hvert, orlofsbláð, sumarbláð og jólabláð. Þessi blöð lifa áfram á heimasíðunni, en [Félagsblöðin](#) voru borin út á öll heimili og fyrirtæki á félags-svæðinu, í um 12.000 eintökum.

[Heimasíða félagsins](#) var eins og áður vel virk og mjög vel sótt af félagsmönnum og öðrum. Ef einhverjar ábendingar eru um hana, eða annað sem viðkomur útgáfu félagsins, væri gott að fá slíkt á asgrimur@ein.is.



Á starfsárinu var ákveðið að setja á heimasíðuna Google þýðingarhnaпп og má finna hann efst til hægri á síðunni. Með því að nota hann er möguleiki á að lesa allt á síðunni á 12 tungumálum. Auðvitað er hægt að þýða allar síður á mjög mörg tungumál með google translatu en ekki kunna allir að gera slíkt. Hægt er núna að velja eftirfarandi tungumál: arabíska, danska, enska, norska, litháíska, pólska, rúmenska, spænska, taílenska, víetnamska og þýska.

Eining-Ídja er á [Facebook](#) og [Instagram](#). Allar fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins birtast jafnframt á Facebook ásamt öðru sem tilheyrir starfinu. Þeir sem vilja fylgjast með er bent á að „líka“ Facebook síðuna. Ýmsar tilkynningar detta inn á Instagram síðu félagsins þannig að það er um að gera að fylgjast líka vel með henni.

Veistu hvað...? á ellefu tungumálum

Fyrir nokkrum árum gaf félagið út bæklinginn „Veistu hvað við getum gert fyrir þig?“ á nokkrum tungumálum og hefur bæst í fjöldann annað slagið. Nú er bæklingurinn á ellefu tungumálum því nýbúið er að þýða bæklinginn á úkraínsku og setja hann upp. Bæklingurinn er núna í prentun. Bæklingana má fá á skrifstofum félagsins en einnig má finna þá [hér á heimasíðu félagsins](#).

Í þessum bækling er m.a. fjallað á stuttan hátt um sjúkrasjóðinn, orlofsjóðinn og fræðslusjóðinn. Svarað er spurningunni „Af hverju stéttarfélag?“ Fjallað er um trúnaðarmenn og til hvers þeir eru. Útskýrt hvað kjarasamningur er og sagt frá hverjir helstu kjarasamningar félagsins eru. Þá er sagt frá hvað félagsgjaldið færir viðkomandi og útskýrt er félagafrelsi, en launamönnum er frjálst að standa utan stéttarfélaga, þ.e. að gerast ekki fullgildir félagsmenn. Þá eru þeir aukafélagar þar sem vinnuveitendum ber að greiða af öllum starfsmönnum sem vinna eftir kjarasamningum félagsins. Aukafélagar borga en hafa engin réttindi! Borgar það sig?

Skólaheimsóknir

Frá árinu 1998 hefur félagið verið með fræðslu í öllum tíundabekkjum á félagssvæðinu. Einnig hefur félagið verið með fræðslu í MA og VMA og fleiri skólum á norðurlandi.

Viðhorfskönnun

Á heimasíðu félagsins [má finna niðurstöður](#) í umfangsmikilli viðhorfskönnun sem gerð var á meðal félagsmanna sl. haust. Eins og undanfarin ár sá Gallup um framkvæmd könnunarinnar, en hún var gerð í samstarfi við AFL starfsgreinafélag á austurlandi og voru notaðar eins spurningar í könnunum beggja félaganna.

Þetta var í ellefta sinn sem félagið lætur gera könnun sem þessa og nú þegar er búið að ákveða að slík könnun verði framkvæmd í samstarfi við AFL næsta haust.

Fundir hjá félaginu

Alltaf er mikið um fundi hjá félaginu, m.a. í aðalstjórn og deildarstjórnunum, í svæðisráðum, trúnaðarráði og samninganefnd, vinnustaðafundir, fundir með einstökum hópum um tilfallandi mál og síðan eru starfsmenn oft kallaðir til aðstoðar við lausn ýmissa mála á vinnustöðum. Fjöldmargir aðrir fundir hafa verið haldnir, t.d. með trúnaðarmönnum, í mars hélt félagið t.d. þrjá rafræna fundi með trúnaðarmönnum vegna undirbúnings kjarasamninga. Einnig mættu fulltrúar félagsins á ýmsa aðra fundi fyrir hönd þess. Vegna Covid fóru mjög margir þessara funda fram á rafrænan hátt.

Trúnaðarráð

Trúnaðarráð hélt tvo fundi. Á fyrri fundinum sem fram fór rafrænt var m.a. farið yfir hlutverk trúnaðarráðs og hvernig kosið er í það. Þá var kosið í samninganefnd félagsins vegna samninga 2022-2023. Einnig voru kynntar tímaáætlanir SGS í undirbúningi að komandi samningum.

Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa, og Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasviðs Stapa, mættu á fundinn og kynntu það markverðasta sem er að gerast hjá sjóðnum og hvað væri framundan. Þau fjölluðu aðeins um réttindakerfi sjóðsins og kynntu rekstur sjóðsins það sem af er ári. Þau fjölluðu líka um lífaldur og hækkandi lífslíkur, skoðuðu nýjar töflur um lífslíkur frá Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) og mótvægisáðgerðir vegna þeirra. Fóru yfir hvað þetta þýðir fyrir sjóðinn og sjóðsfélaga.

Á seinni fundinum, sem einnig var rafrænn, var gengið frá lista stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2022/2023 og skilafrest lista. Samþykktir voru fulltrúar félagsins á 8. þing SGS.

Soffía Gísladóttir, Forstöðumaður Vinnumálastofnunar á Norðurlandi eystra og Austurlandi, mætti á fundinn og fjallaði m.a. um þróun atvinnuleysis á Íslandi frá desember 2019 til desember 2021, stöðuna á Norðurlandi eystra í dag, stöðuna á svæði félagsins í dag og vinnumarkaðsúrreðið Hefjum störf sem hófst í mars 2021.

Helga Þyri Bragadóttir, Verkefnastjóri og ráðgjafi hjá VIRK á svæðinu, mætti einnig á fundinn og fór yfir stöðuna hjá VIRK. Hún fór í byrjun aðeins yfir söguna, hvaðan fjármagnið inn í VIRK kemur,

hlutverk sjóðsins og hvernig óskað er eftir þjónustu. Hún sagði líka í stuttu máli frá starfsendurhæfingarferlinu, þjónustu sem í boði er, starfsemi VIRK á tímum Covid og VIRK í tölum.

Eva María Ingvadóttir, ráðgjafi fjölmenningar hjá Alþjóðastofu Akureyrarbæjar, hlaut í fyrria styrk til þess að vinna rannsókn/könnun meðal íbúa af pólskum uppruna á Íslandi. Könnunin ber heitið „Birtingarmyndir haturs gegn íbúum af pólskum uppruna á Íslandi“ og skoðar tíðni og upplifun einstaklinga (eldri en 18 ára) af hatursorðræðu, hatursglæpum og mismunun á grundvelli uppruna og/eða annarra bakgrunnspátta. Hún mættir einnig á fundinn og í máli hennar kom m.a. fram að um var að ræða netkönnun sem framkvæmd var í júlí sl. Tæplega 1.000 einstaklingar tóku þátt og greindu tæplega 500 frá mismunun á vinnustað og rúmlega 300 af þeim 500 tóku sér tíma til að lýsa hvers konar mismunun var um að ræða og hvaða áhrif (tilfinningaleg, líkamleg, félagsleg) hún hafði á viðkomandi.

Samninganefnd

Búið er að halda tvo fundi í samninganefnd félagsins á starfsárinu, frá því ný samninganefnd var kjörin á trúnaðarráðsfundi 10. nóvember sl.

Umboð samninganefndar fellur niður þegar aðalkjarasamningar og tengdir sérkjarasamningar hafa verið samþykktir. Stjórn félagsins eða formaður í umboði hennar sjá um gerð kjarasamninga á milli starfstíma samninganefnda.

Uppstillinganefnd

Uppstillingarnefnd hélt tvo fundi á starfsárinu og eins og undanfarin ár gekk mjög vel að fá fólk til að gegna störfum fyrir félagið.

Almennir félagsfundir

Á hverju ári eru haldnir nokkrir almennir félagsfundir á þéttbýlissvæðunum utan Akureyrar, engin breyting varð á því þetta starfsárið. Þó urðu þeir mun færri en vanalega vegna ástandsins í þjóðfélaginu vegna Covid og flestir rafrænir.

Undanfarin ár er búið er að halda fjölmarga vinnustaðafundi, þar sem átt hafa sér stað góðar umræður, en á slíkum fundum er gott að miðla upplýsingum til félagsmanna. Vegna Covid voru mjög fáir slíkir fundir haldnir á starfsárinu.

Trúnaðarmenn eru þó hvattir til að vera duglegir að halda slíka fundi með starfsmönnum félagsins.

Þing og ársfundir

Í maí 2021 var haldinn ársfundur Stapa, í september fór fram 7. þing ASÍ-UNG og 8. Þing SGS fór fram á Akureyri í lok mars. Þá fór fram fulltrúaráðsfundur Stapa í desember. Eining-löjja átti þarna fulltrúa og verður hér á eftir farið í örstuttu máli yfir það helsta sem gerðist á þessum samkomum.

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn á rafrænan hátt 5. maí 2021. Þátttaka á fundinn var góð, en á dagskrá hans voru hefðbundin ársfundarstörf. 42 fulltrúar frá Einingu-löjju áttu rétt á setu á fundinum þar sem stjórnarformaður Stapa, Erla Jónsdóttir, fór yfir skýrslu stjórnar um starfsemina á árinu 2020. Þá fór Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, yfir ársreikning og tryggingafræðilega stöðu Stapa sem trygginga-stærðfræðingurinn Bjarni Guðmundsson vann. Einnig kynnti Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar, fjárfestingarstefnu, ávöxtun og hluthafastefnu sjóðsins. Á fundinum voru samþykktar fjórar breytingar á samþykktum, sem Einar Ingimundarson lögfræðingur og Jóna Finndís Jónsdóttir, forstöðumaður réttindasvið Stapa kynntu. Erla, formaður stjórnar, kynnti starfskjara-stefnu og þá var stjórnarkjöri lýst, en það hafði farið fram á fulltrúaráðsfundi sjóðsins fyrir á árinu.

Fulltrúaráðsfundir Stapa

Fulltrúaráð Stapa er skv. samþykktum sjóðsins skipað þeim aðilum sem voru fulltrúar launamanna og atvinnurekenda á ársfundi sjóðsins. ráðið skal kalla saman tvisvar á ári, að hausti og í aðdraganda ársfundar, þar sem m.a. eru rædd málefni sjóðsins, breytingar á samþykktum undirbúnar og lykiltölur úr afkomu og framvindu fjárfestingarstefnu kynntar. Um hlutverk og starfsemi fulltrúaráðs að öðru leyti vísast til viðkomandi kjarasamninga hverju sinni.

Seinni fundur ráðsins fyrir árið 2021 fór fram á rafrænan hátt 8. desember sl. þar sem Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa, fór yfir rekstur Stapa það sem af var ári ásamt því að kynna lykiltölur úr afkomu sjóðsins á fyrstu tíu mánuðum ársins 2021. Því næst fór Brynjar Þór Hreinsson, forstöðumaður eignastýringar Stapa, yfir framvindu fjárfestingarstefnu sjóðsins á árinu

2021 auk þess að kynna fjárfestingarstefnu fyrir árið 2022. Næst greindi Jóhann Steinar frá nýrri spá um lífslíkur frá Félagi íslenskra trygginga-stærðfræðinga sem nýverið hafði verið lögð fram, áætluð áhrif hennar á tryggingafræðilega stöðu Stapa og hugsanlegar mótvægisáðgerðir. Undir liðnum önnur mál fór Jóhann Steinar yfir möguleika sjóðfélaga til að hafa áhrif á störf sjóðsins og í framhaldi þess svöruðu starfsmenn sjóðsins fyrirspurnum fulltrúa um málefni sjóðsins. Ekki er búið að auglýsa hvenær næsti ársfundur Stapa fer fram og því er ekki búið að halda fyrri fund fulltrúaráðs sjóðsins fyrir árið 2022.

7. þing ASÍ-UNG fór fram 24. september sl. Sökum aðstæðna var þingið haldið rafrænt og allri málefnavinnu var aflýst. Á þinginu lá því aðeins fyrir að kjósa nýja stjórn. Einn fulltrúi frá félaginu sat þingið.

44. þing ASÍ fór fram á rafrænan hátt 21. október 2020, þar sem kjarnaatriðin samkvæmt lögum ASÍ voru afgreidd en þinginu var frestað þar til haustið 2021 þegar fara átti í málefnavinnu. Miðstjórn ASÍ ákvað að aflýsa málefnahlutanum þegar hann átti að fara fram í september 2021 vegna samkomutakmarkana og fjölda Covid smita í samfélaginu. Frekari þingstörfum var því aflýst og þingi slitið.

